Stefna Landakotsskóla um inngildingu

Fyrst samið júní 2025, endurskoðað 2026.
Stefna er endurskoðuð og uppfærð reglulega í eftir því sem samfélgasumræða og þarfir skólasamfélagsins gefa tilefni til.

Landakotsskóli er fjölbreyttur skóli og tekur fagnandi á móti öllum nemendum, jafnt þeim sem koma langt að og hinum sem eru úr okkar nærsamfélagi. Inngilding er því snar þáttur í öllu okkar skólastarfi og hún nær til nemenda, fjölskyldna þeirra, kennara okkar og annars starfsfólks.

Við leggjum okkur fram um að taka tillit til annarra, og látum okkur annt um líðan hvers annars, upplifanir og lífsreynslu þeirra sem við eigum í dagleg samskipti við og metum gildi sjónarmiða sem eru önnur en okkar eigin.

Öll þau sem koma inn í skólaumhverfi okkar eiga að fá að upplifa tilfinningalegt og líkamlegt öryggi, og axla jafnframt þá ábyrgð að miðla þessum gildum skólans til annarra.

Markmið okkar

Við tölum fyrir jöfnu aðgengi að *framúrskarandi menntun sem er opin öllum* óháð þjóðerni, uppruna, tungumáli, kynþætti, trúarbrögðum, fötlun, stöðu, stétt, fyrri menntun, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og öðrum þáttum sem ella geta stuðlað að hópaskiptu í skólasamfélagi.